

Ungur maður með magaorgel

Flemming Viðar Valmundsson hefur spilað á harmóníku í fjórtán ár, eða frá því hann átta ára hófnám í Tónlistarskólanum í Grafarvogi. Þótt hann gangi ekki svo langt að taka krúnuna af orgelinu heldur hann því fram að harmóníkan sé drottning allra hljóðfæra, eða a.m.k. besta og fjölhæfasta hljóðfærið sem hann hafi kynnst. Síðustu harmóníkutónleikar Flemmings að sinni verða á móti Félags harmóníkuunnenda á Borg í Grímsnesi um verslunarmannahelgina. Hann er á förum í framhaldsnám í klassískum harmóníkuleik í Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn í haust.

Valgerður Þ. Jónsdóttir
vjon@mbl.is

Já, já, en hvað kanntu?“ spurði Flemming Viðar Valmundsson, átta ára, efnis á svip, þegar Bragi Hlíðberg, áttæður öldungurinn og einn frægasti harmóníkuleikari landsins, stakk upp á að þeir spiluðu saman lag á árlegu harmóníkuumóti Félags harmonikuunnenda í Reykjavík, sem haldið var í Árnesi árið 2004. Áður höfðu einhverjir utan dagskrár hvatt þann stutta upp á svið með nikkuna sína og klappað honum mikið lof í lófa fyrir frammistöðuna. Flemming gerir því skóna að sagan verði rifjuð upp eina ferðina enn á mótinu í ár. Nú er lag, um verslunarmannahelgina á Borg í Grímsnesi þar sem hann er heiðursgestur með tónleika kl. 14 á laugardaginn. „Ég skildi ekkert í því af hverju allir sem stóðu þarna í kring voru í hláturskasti. En Bragi var hinn alúðlegasti og sagði „byrja þú bara, ég kem svo inn í“,“ rifjar hann upp.

Flemming er á förum í framhaldsnám í klassískum harmóníkuleik við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn svo tónleikarnir á Borg eru þeir síðustu sem hann heldur á landinu að sinni. Fyrir dyrum stendur þrjú ára nám til viðbótar þeim tíu sem hann á að baki í Tónlistarskólanum í Grafarvogi auk eins árs fræðilegs djassnáms á harmóníkuna í Tónlistarskóla FÍH, en þar lærði hann líka á rafbassa.

Fáir á sömu nótum

„Ég er eiginlega alinn upp hjá Félagi harmonikuunnenda í Reykjavík og hef spilað á flestum



Merkilegt Flemming segir harmóníkuna merkilegt, klassískt hljóðfæri, en stórlega vanmetið.

Morgunblaðið/RAX

mótum gegnum tíðina. Þetta er mitt fólk. Kennarinn minn, Guðmundur Samúelsson, var í félaginu og þá bara gerðist maður líka félagi,“ segir Flemming, sem kann enga skýringu á því hvers vegna hann valdi að læra á harmóníku, kornungur drengurinn. „Ég byrjaði átta ára í Tónlistarskólanum í Grafarvogi, hélt bara áfram og er

enn að. Þótt ég muni ekki eftir því segir Guðmundur að ég hafi komið til hans þar sem harmóníkuhópur var að spila í verslunarkjarna í hverfinu og tilkynnt honum að svona hljóðfæri ætlaði ég að læra á. Næsta vetur var ég innritaður í harmóníkunám.“

Fáir voru voru á sömu nótum og Flemming í skólanum, enda

segir hann að harmóníkan hafi þótt hálfgerð „gömlukalla-hljóðfæri“ og ímynd harmóníkuleikarans karl með vodkapela í rassvasanum að spila þau féu lög sem hann kunnir á sveitaböllum. „Þótt enn eimi eftir af þessu viðhorfi hafa vinsældirnar og standardinn aukist töluvert undanfarið því sífellt fleira ungt fólk, sem



Ellefu ára Flemming ellefu ára á ungmennalandsmóti Sambands íslenskra harmonikuunnenda.

ekki var matað á bítlátónlist í uppveitinum, er farið að læra á þetta merkilega og klassíska hljóðfæri, sem klárlega hefur verið stórlega vanmetið. Og ekki til að geta bara spilað vals eða polka á góðri stund. Sá kúltúr er hverfandi. Margir reka upp stór augu þegar þegar ég segi þeim að ég sé harmóníkuleikari og önnur hvor manneskja lætur þess getið að afi hennar hafi líka spilað á harmóníku.“

Fyrsta „giggíð“ á elliheimili

Eins og flestir sem lært hafa á harmóníku síðustu tuttugu árin eða svo spilar Flemming á hnappaníkkuna, sem öfugt við pianóníkkuna er með tókum báðum megin. Þannig var dragspilið upphaflega þegar það kom fram á sjónarsviðið í Rússlandi fyrir margt löngu. „Eins og orgel sem

HOIST
VINNULYFTUR

Umboðsaðili Alimak Hek á Íslandi

Turnlyftur



Sérhæfum okkur í sölu og þjónustu á lyftum af öllum stærðum og gerðum



ALIMAK HEK

Sala og þjónusta

517 6000

Hoist Vinnulyftur • Víkurhvarf 4 • Sími 517 6000 • hoist@hoist.is • www.hoist.is

Endilega ...

... vatnslítið á Lofti í kvöld

Eins og annan hvern þriðjudag í sumar verður gestur og gangandi boðið að vatnslita á skemmtistaðnum Lofti, Bankastræti 7, milli kl. 20 til 22.30 í kvöld. Boðið verður upp á vatnsliti og pappír og mun Íris María veita ráðgjöf og kennslu við vatnslitun ef áhugi er fyrir hendi. Því ekki að bleyta pappírinn, blanda saman litum og leyfa björtum sumarlitum að streyma um vatnslitapappírinn?



Fyrirtæki og verslanir Sumarleikföng í úrvali

45 cm boltar Flottir á trampólín

Boltar



YooHoo



Vatnsbyssur



Fötur



Sápukulur



Kútar

Heilidsöludreifing
DANCO
www.danco.is



Flinkir Flemming var aðeins átta ára þegar Bragi Hlíðberg, einn frægasti harmóníkuleikari landsins, bauð honum að spila með sér nokkur lög.



Morgunblaðið/Ómar

Á Hlemmi Flemming spilaði fyrir gesti og gangandi á Hlemmi sumarið 2013.

maður er með á maganum,“ útskýrir Flemming. „Kaninn fór síðan að planta píanóhljómborði á hljóðfærið, en það er kerfi sem fleiri þekkja. Fyrir krakka er hins vegar betra að læra á hnappanikku því nóturnar eru færri á minna sviði og litlar hendur ná gripunum betur.“

Flemming á tvær hnappa-harmóníkur, eina af stærstu og bestu gerð, sem hann kallar flygillinn sinn og fer ekki með út úr húsi nema mikið standi til og spil-

ar þá einungis á hana í góðu skjóli eða innandyra. Ódýru harmóníkuna, eða „garminn“, þvælist hann með hvernig sem viðrar. Hann segir eftirspurn eftir harmóníkuleikurum mætti að ósekju vera meiri, en hann geti þó ekki kvartað, annað slagið sé hann fenginn til að spila á böllum, tónleikum, í veislum eða með hljómsveitum. Auk annarra starfa á tónlistarsviðinu hafi hann getað lifað af tónlistinni. „Búandi enn heima hjá mömmu,“ segir hann til skýringar.

Spurður hvenær hann hafi fyrst komið fram opinberlega segir hann fyrsta „giggjó“ sitt sem hann fékk greitt fyrir hafa verið þegar hann var tólf ára og var ásamt fiðlustelpu fenginn til að spila á elliheimili. Smám saman fór honum að leggjast fleira til, til dæmis fékk hann eitthvað fyrir sinn snúð þegar hann, ásamt öðrum nema í harmóníkuleik, spilaði sígild tónverk og alþýðlega tónlist á fundi Kvæðamannafélagsins Íðunnar árið 2010 og þegar hann, sautján ára, var beðinn að spila fyrir gesti og gangandi á Hlemmi sumarið 2013 í tengslum við biðstöðvaverkefni á vegum borgarinnar.

„Markmiðið var að lifga upp á staðinn sem menningarmiðstöð, en það gekk augljóslega ekki eftir. Ég spilaði klassísk verk; barokk, orgelverk og rómantísk píanóverk, sem kannski áttu ekki heima á svona stað sem fólk kom ekki beinlínis á til að meðtaka tónlist og menningu.“

Drottning allra hljóðfæra

Þótt Flemming gangi ekki svo langt að taka krúnuna af orgelinu heldur hann því fram að harmóníkan sé drottning allra hljóðfæra. Hún sé a.m.k. besta og fjölhæfasta hljóðfærið sem hann hafi kynnst. Og hefur hann þó spilað á þau nokkur um dagana, m.a. bassagítar, trommur og rafheila svo fátt eitt sé talið. Að hans mati er nikkar tvímælalaust með fullkonnustu hljóðfærum sem til eru, sífellt í þróun og með svakalega gagnvirkum og praktískt uppröðuðu kerfi. „Harmóníkan er í rauninni orgel, en hefur það framyfir að vera með náttúrulegan hljóð, geta andað og eiginlega upphefja tónana. Þess vegna beiti ég harmóníkunn til að útsetja lög; búa til tóna, blæbrigði og hvaðeina. Hún er mitt tæki til að læra á og miðla því sem ég hef fram að færa,“ segir hann.

Draumur hans er að geta lifað af tónlistinni, þrífist sem listamaður og gert það sem hann langar til á því sviði. Skemmtilegast finnst honum að spila krefjandi verk á harmóníkuna; þunga háklassiska tónlist, Bach-orgelverk sem og svæsna tangóa eða verk í léttari kantínunum, sem verða uppistaðan á tónleikunum fyrir fólkið hans í Félagi harmonikuunnenda ásamt frumflutningi laga í eigin útsetningu.

AF MÚSÍKILRAUNUM OG FLEIRU



Músíktílaunir 2017 Harðkjarnadúettinn Phlegm hafnaði í öðru sæti.

Harðkjarni og háklassík

Frá því Flemming fékk bassagítar í fermingargjöf hefur hann ekki verið ekki í hljómsveit. Og yfirleitt spilað á bassagítar, en stundum trommur, rafheila eða svokallaðan hljóðgervil. Einstaka sinnum á harmóníkuna. Í ár tók hann í sjöunda sinn þátt í Músíktílaunum sem annar helmingur harðkjarnadúettsins Phlegm, hinn var Ógmundur Kárason. Flemming spilaði á bassa og Ógmundur á trommur. Báðir sungu.

Um Phlegm segir á síðunni musiktilraunir.is: Tveir vitleysingar af höfuðborgarsvæðinu sem ætla sér að baka vandræði. Þetta er það sem gerist þegar rythmalúðar reyna að vera hardcore. Spilum sánd-trökk fyrir mómentíð þegar löggan blikkar ljósunum fyrir aftan þig og þú ert í engri stöðu til að tala við hana. Ógmundur Kárason þrusar á plastskinn og Flemming Viðar Valmundsson þykist vera reidur og strýkur þykka strengi.“

„Þátttakan í ár var bara grín til þess að vera með. Okkur fannst nafnið Phlegm, sem þýðir kverkaskítur, mjög viðeigandi fyrir tónlistina, sem við fluttum,“ segir Flemming. Þeir félagar lentu í öðru sæti og báðir unnu einstaklingsverðlaun, Flemming sem bassaleikari Músíktílauna 2017 og Ógmundur sem trommuleikari.

Árið 2015 spilaði Flemming með Kröstpönkbandinu Þegiðu á Músíktílaunum og var það í eina skiptið sem hann spilaði á harmóníku á þeim vettvang. Hljómsveitin komst í úrslit.

Af nýjustu tilþrífum á tónlistarsviðinu má nefna að hann var tónlistar- og hljómsveitarstjóri í leikritinu Skilaboðaskjóðan, sem Leikfélag Mosfellsbæjar sýndi í vetur. Einnig fór nokkur tími í undirbúning fyrir inntökuprófið í Tónlistarskólann í Kaupmannahöfn. „Ég þurfti að leika tvö verk, annað klassískt, samið fyrir aldamótin 1800 og hitt nútímaverk frá um 1950.“

Nú er lag, árlegt harmóníkumót Félags harmonikuunnenda í Reykjavík, verður haldið um verslunarmannahelgina, 4. - 7. ágúst, að Borg í Grímsnesi. Margir af bestu dansspilurum landsins leika á dansleikjum, sem hefjast kl. 21 í félagsheimilinu laugardag og sunnudag. Auk þess verður leikið á grasflötunum alla dagana ef verður leyfir. Nánari upplýsingar í síma 894-2322.

Qigong-æfingar við allra hæfi á Klambatrúni á miðvikudag



Ljósmynd/Styrmir Kári & Heiðís

Tveir heimar Feðginir Þórdís og Filip Woolford hjá Tveimur heimum leiða og kenna formið ba duan jin á Klambatrúni.

Hreyfilist, hugleiðsla og átta silkimjúkar hreyfingar

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða hafa fengið Tvo heima, miðstöð qigong og tai chi á Íslandi, til að halda opnar qigong-æfingar við allra hæfi á Klambatrúni kl. 11 - 11.45 á morgun, miðvikudaginn 2. ágúst. Víða í heiminum stundar fólk slíkar æfingar sem og tai chi á opnum svæðum í borgum.

Kínversk hreyfilist, qigong og tai chi, er mörg þúsund ára hefð, sem margir telja eina heilnæmstu hreyfingu sem hægt er að stunda bæði í lýðheilsu- og lækningaskyni.

Þjörn Bjarnason kynnrir og útskýrir

qigong, kínverska hreyfi- og lækningislist – hugleiðsla með öllum líkamanum, og feðginir Filip Woolford og Þórdís Filipsdóttir leiða og kenna formið ba duan jin eða átta silkimjúkar hreyfingar sem einnig eiga sér mörg þúsund ára sögu og eru enn stundaðar víða um heim.

Áhugasamir hittast í Skeifunni fyrir ofan Kjarvalsstaði kl. 11. Mælt er með léttum klæðnaði.

Nánar: www.tveirheimar.is facebook.com/tveirheimar

GOTT ÚRVAL
AF UMGJÖRÐUM

Verið velkomin til
okkar í sjónmælingu

GLERAUGNAVERSLUN

Hamraborg 10, Kópavogi – Sími: 554 3200
Ópið: Virka daga 9.30-18 Laugardaga 11-14